



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

## ALMANNAVARNADEILD



### STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 16.12.2019

Kl.: 16:00

Staðsetning: Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð

Aðgerð: Aftakaveður á landinu öllu

Hættustig vegna óveðursins á Norðurlandi vestra og á Norðurlandi eystra hefur verið fært niður á óvissustig. Óvissustigi verður haldið þar til afhending raforku verður orðin nokkuð trygg.

Hættustigi vegna óveðursins sem var í gildi á Ströndum vegna óveðursins hefur verið aflýst. Ekkert almannavarnastig er í gildi þar.

Ríkislögreglustjóri aflýsti á föstudag óvissustigi vegna óveðurs í viðkomandi umdæmum í samvinnu við lögreglustjórana á Suðurnesjum, höfuðborgarsvæðinu, Vesturlandi, Vestfjörðum, Austurlandi, Suðurlandi og Vestmannaeyjum.

Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð var virkjuð þann 10. desember klukkan 11:00. Samhæfing aðgerða á landsvísu fer fram í Samhæfingarstöðinni.

#### Samantekt

- Veður – NA-átt í dag og fram á miðvikudag, snjócoma eða él N- og A-lands, frost 0-5 stig
- Vegakerfi – flestir vegir opnir en vetrarfærð um allt land
- Raforkukerfi – rafmagn er víðast komið á, rafmagnslaust í hluta Svartárdals og Blöndudals
- Húshitun – hitunartækjum hefur verið dreift
- Fjarskiptakerfi – nær allir farsímasendar og tengistöðvar komin í rekstur á ný
- Lögregla – aðgerðastjórn á Norðurlandi eystra er enn virk
- Björgunarsveitir – aðstoð við veitufyrirtæki og bændur
- Rauði krossinn – fjöldahjálparstöð á Tjörnesi var opin um helgina, heimsóknir á bæi
- Landhelgisgæslan – varðskipið Þór framleiðir rafmagn fyrir Dalvík og þyrta flaug með fulltrúa Landsnets í bilanaleit
- Eignatjón – foktjón víða
- Enduruppbygging – mikið starf fyrir höndum næstu vikur og mánuði

#### Staða mála

##### Veður

Spáð er vaxandi norðaustanátt, með slyddu eða snjókomu N- og A-til, en rigningu við ströndina. Hiti nálægt frostmarki. Víða norðaustan 10-18 m/s í dag. Él NA- og A-lands, en léttir til á S- og V-landi. Kólnandi veður síðdegis. Svipað veður á morgun, en meiri snjócoma á NA-verðu landinu. Frost yfirleitt 0-5 stig.

Á miðvikudag er spáð norðaustan 10-18 m/s og snjókomu eða éljum N- og A-lands. Frost 0-5 stig.

##### Vegakerfi/samgöngur

Vegir í byggð á Suðvesturlandi eru allir færir en hálka víða. Sama á við um vegi á Vesturlandi.



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Á Vestfjarðakjálkanum er ófært um Dynjandisheiði og Hrafnseyrarheiði og á Ströndum er ófært úr Bjarnarfirði norður í Reykjarfjörð, þaðan er þæfingur í Norðurfjörð. Ófært er um Kaldalón að Bæjum á Snæfjallaströnd. Á öðrum vegum er hálka og þungfært á Langadalströnd.

Á Norðurlandi vestra eru flestir vegir í byggð færir en þar er ýmist hálka eða snjóþekja.

Á Norðurlandi eystra er fært um alla vegi í byggð en þar er víðast hálka eða snjóþekja.

Á Austurlandi er fært um Möðrudalsöræfi austur á Vopnafjörð og Hérað. Hálka eða snjóþekja á flestum vegum í byggð. Þæfingur er um Vatnsskarð og Njarðvík í Borgarfjörð eystra. Breiðadalshéiði og Öxi eru ófærar en vegir á Austfjörðum eru færir.

Á Suðurlandi eru vegir í byggð færir en víðast hálka eða hálkublettir.

## Raforkukerfi

RARIK mun þurfa að keyra varaafli þangað til búið er að gera við flutningskerfi Landsnets. Enn er mikið af bilunum í dreifikerfi RARIK sem taka mun nokkra daga að lagfæra. Búast má við truflunum á afhendingu rafmagns á meðan þetta ástand varir. Einnig má búast við mögulegum skömmtunum á rafmagni nú þegar atvinnulífið fer í gang eftir helgina.

Notendur sem eru tengdir varaafli eru beðnir að spara rafmagn eins og kostur er.

**Húnavatnssýslur:** Rafmagnslaust er í Svartárdal fyrir innan bæinn Gil og í Blöndudal. Ástæða er líklega selta.

**Skagafjörður:** Rafmagn er komið á austanverðan Skaga en áfram unnið að viðgerð. Rafmagnslaust varð á Sauðárkróki í nótt en rafmagn er komið aftur á þar.

**Eyjafjörður:** Allir almennir notendur eru komnir með rafmagn eða eru tengdir varaafli. Keyrt er á varaafli í Dalsmynni, Grýtubakkahreppi, Hrísey, Svarfaðardal og Dalvík. Lág spenna er á Árskógsströnd

**Þingeyjarsýslur:** Enn eru keyrðar varaaflsvélar á Raufarhöfn, Þórshöfn og Bakkafirði. Nokkrir bæir eru rafmagnslausir í Fnjóskadal eftir bilun í nótt. Bilun er í Reykjadal en allir með rafmagn.

## Fjarskiptakerfi

Allir sendar TETRA fjarskiptakerfisins aðrir en sendirinn á Grímsfjalli eru í lagi.

### Síminn/Míla/Vodafone/Nova

Samband er á flestum sendum og sírstöðvum. Sírstöð í Vesturhópi er úti og sama á við um farsímasenda í Víkurskarði og í Bárðardal vegna rafmagnsleysis.

Útvarpssendir á Grenjadalsfelli er óvirkur vegna bilunar í loftneti eða vegna ísingar.

## Björgunarsveitir

Um helgina hafa björgunarsveitir sinnt aðstoð við veitufyrirtæki og unnið við að flytja varaafsstöðvar milli bæja. Þá hafa bændur verið aðstoðaðir við leit að skepnum og björgun þeirra. Einnig hafa björgunarsveitarmenn og sjálfboðaliðar RKÍ farið á bæi að huga að fólki og til að dreifa hitunartækjum.

## Lögreglan

Aðgerðastjórn á Norðurlandi eystra er enn virk.

## Rauði krossinn



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

## ALMANNAVARNADEILD



Fjöldahjálparstöð á Tjörnesi var opin á laugardag og sunnudag yfir daginn. Sjálfboðaliðar og starfsmenn RKÍ ásamt björgunarsveitum fóru á bæi í dreifbýli að hitta fólk og dreifa hiturum.

### Landhelgisgæslan

Varðskipið Þór er í höfn á Dalvík og framleiðir rafmagn fyrir bæinn.

Á föstudag og laugardag flaug þyrla Landhelgisgæslunnar með starfsmann frá Landsneti meðfram raflínunum í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum að leita að bilunum og ísingu á línunum.

### Húshitun

Hitunartækjum hefur verið dreift á bæi þar sem hefur verið rafmagns- og hitalaust.

### Eignatjón

Ekki eru farnar að berast ítarlegar upplýsingar um eignatjón vegna veðursins en ljóst er að foktjón hefur orðið víða um land í veðrinu. Þá hefur einnig komið fram að tjón varð á nokkrum stöðum vegna sjávargangs.

### Enduruppbygging

Unnið er hörðum höndum að viðgerðum á raforkukerfinu og við að koma fjarskiptakerfinu í samt lag. Ljóst er að það mun taka nokkra daga að koma rafmagnsflutningskerfinu í lag.

Ríkislögreglustjórnin almannavarnadeild [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is) Twitter: [@almannavarnir](https://twitter.com/almannavarnir)

**Næsta stöðuskýrsla verður gefin út föstudaginn 20. desember 2019 kl. 16:00**